



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 24. janúar 2013  
Tilvísun FLE 1-2013

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Kristjönu Benediktsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 501 mál..**

Með tölvupósti dags. 11. janúar s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni. Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tóku málið til umfjöllunar. Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Vorið 2010 voru gerðar breytinga á umræddum lögum og þá meðal annars á 90. grein laganna, en 1. málsgreinin hljóðar svo:

*Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.*

Ákvæðið sem fram kemur í seinni málslið framangreindrar tilvitnunar hefur valdið því að verulegur vafi leikur á hvort endurskoðanda sé heimilt að inna af hendi aðra staðfestingarvinnu en beina endurskoðun ársreiknings. Þetta á við um könnun árshlutareiknings og ýmsar aðrar staðfestingar sem endurskoðendum fjármálafyrirtækja er ætlað að veita varðandi ýmsar fjárhagsupplýsingar sem fyrirtækjum er skylt að veita, en ákvæði um slíkar staðfestingar er að finna í ýmsum lögum og reglum.

Þessari ábendingu var komið á framfæri við FME í bréfi frá FLE þann 30.6.2010 sem svaraði félaginu þann 2.7. og 22.9. Í svari FME kemur fram að í framhaldsnefndarálitum með frumvarpinu árið 2010 komi fram tilgangur breytingarinnar, en að lagaákvæðið sjálft beri ekki skilninginn að öllu leiti með sér.

Til þess að taka af allan vafa og að ekki þurfi að byggja á framhaldsnefndaráliti þá leggur Álitsnefnd FLE til að 1. málsgrein 90. greinar laganna hljóði svo:


*Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið en endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögum um endurskoðendur.*

Umrædda skilgreiningu er að finna í 2.tl.1.mgr.1.gr. laga 79/2008 um endurskoðendur:

*Endurskoðun: Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.*

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

Meðf:

Bréf FLE 30.6.2010

Bréf FME 2.7.2010

Bréf FME 22.9.2010

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Félag löggiltra endurskoðenda  
vt. Þórir Ólafsson formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 REYKJAVÍK

2. júlí 2010  
Tilvísun: 2010060097

## Vegna erindis FLE dags. 30. júní 2010.

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis Félags löggiltra endurskoðenda (FLE), dags. 30. júní sl., varðandi störf endurskoðenda í þágu fjármálafyrirtækja. Vegna mikilla anna sér stofnunin sér ekki fært að veita heildstætt svar við erindi FLE að svo stöddu en stefnt verður að því að veita slíkt svar við fyrsta tækifæri. Vegna þeirrar staðfestingarvinnu sem Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir að fjármálafyrirtæki láti ytri endurskoðendur sína framkvæma í tengslum við fyrirspurn um gengistryggð lán og áhrif dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 telur Fjármálaeftirlitið þó nauðsynlegt að koma neðangreindum sjónarmiðum á framfæri við FLE.

Lög nr. 75/2010 sem samþykkt voru á Alþingi 12. júní sl. fólu m.a. í sér þá breytingu að við 1. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) bættist nýr málslíður, sbr. 48. gr. laga nr. 75/2010. Eftir breytinguna hljóðar 1. mgr. 90. gr. fttl. svo:

„Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.“

Vegna framangreindra breytinga er ljóst að takmörkuð hafa verið þau störf sem sami endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki geta tekið að sér í þágu fjármálafyrirtækja.

Umrædd staðfestingarvinna stendur í beinu samhengi við endurskoðun ársreiknings fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið telur því að í þessu tilviki falli staðfesting ytri endurskoðanda utan bannsins í 2. ml. 1. mgr. 90. gr. fttl. Ákvæðið stendur af þeim sökum ekki í vegi fyrir því að ytri endurskoðendur fjármálafyrirtækja staðfesti svör við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins um gengistryggð lán og áhrif dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Félag löggiltra endurskoðenda  
Þórir Ólafsson formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 REYKJAVÍK

22. september 2010  
Tilvísun: 2010060097

## Efni: Erindi Félags löggiltra endurskoðenda vegna breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis Félags löggiltra endurskoðenda (FLE), dags. 30. júní sl., varðandi störf endurskoðenda í þágu fjármálafyrirtækja sem og bréfs stofnunarinnar til félagsins dags. 2. júlí sl. og fundar með forsvarsmönnum félagsins þann 14. september sl. Í erindinu frá 30. júní er óskað eftir því að Fjármálaeftirlitið staðfesti að „það telji að kjörnum endurskoðendum fjármálafyrirtækja sé heimilt að sinna annarri staðfestingarvinnu en að árita ársreikninga en til slíkrar vinnu telst meðal annars könnun eða endurskoðun árshlutareikninga, staðfestingar vegna breytinga á hlutfé félaga, staðfestinga sem óskað er af hálfu FME eða eru sérstaklega heimilaðar af FME. Þá verði einnig heimilt að veita þessum félögum aðra þjónustu sem fellur undir hugtakið „endurskoðun“ eins og það er skilgreint í 2. tl. 1. gr. laga um endurskoðendur.“ Tilfni erindisins eru breytingar sem gerðar voru annars vegar á 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með lögum nr. 75/2010 og hins vegar ný lög um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010, sbr. 1. og 2. mgr. 57. gr. laganna.

Með lögum nr. 75/2010, sem tóku gildi þann 23. júní sl., var 90. gr. laga nr. 161/2002 breytt þannig að við 1. mgr. bættist nýr málslíður og hljóðar ákvæði svo eftir breytingu: „Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.“

Tillaga að framangreindri breytingu var ekki í upphaflegu frumvarpi til laganna heldur kom hún inn í meðförum þingsins sbr. framhaldsnefndarálit meiri hluta viðskiptanefndar frá 9. júní sl. Þar segir um framangreinda breytingu: „Samþykktar hafa verið tvær breytingar á frumvarpinu sem varða störf endurskoðenda fyrir fjármálafyrirtæki....Annars vegar er um að ræða breytingu sem lýtur að því að styrkja það fyrirkomulag að endurskoðandi sinni ekki öðrum störfum en endurskoðun viðkomandi fjármálafyrirtækis. Gerð var athugasemd við þessa breytingu í þá veru að í henni fælist takmörkun á atvinnufrelsi. Meiri hlutinn vísar til þess að í 19. gr. laga um endurskoðendur er kveðið á um að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og á sýnd. Þá skuli endurskoðandi ekki framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru milli hans og viðskiptavinar sem geta verið til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni. Meiri hlutinn áréttar að ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að endurskoðandi sinni öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtæki, t.d. með því að veita ráðgjöf um rekstrarleg og fjárhagsleg atriði og

*skattaleg málefni eða hafi hönd í bagga í öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem geta haft áhrif á afkomu þess. Með slíkri ráðgjöf væri endurskoðandi í raun að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs. Ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að endurskoðandi geti sinnt t.d. áritun árshlutareikninga eða einhvers konar staðfestingu á gögnum sem byggjast á ársreikningi fyrirtækis. "*

Af framangreindum ummælum er ljóst að tilgangur breytingarinnar er sá að koma í veg fyrir að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem áritar ársreikning, veiti jafnframt ráðgjöf um rekstrarleg og fjárhagsleg atriði og skattaleg málefni eða hafi hönd í bagga í öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem geta haft áhrif á afkomu þess. Slíkt hefur í för með sér að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sé komið í þá stöðu að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs eða fyrirtækisins.

Lagaákvæðið sjálft ber ekki framangreindan skilning að öllu leyti með sér. Fjármálaeftirlitið lítur hins vegar svo á að af framhaldsnefndarálitinu, sem vitnað var til, sem og umræðum á þinginu um breytinguna, sé ljóst að markmiðið hafi verið að sjá til þess að endurskoðendur séu eins óháðir og mögulegt er við vinnu sínu. Þá er markmiðið með breytingunni að sami endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki geti ekki bæði séð um endurskoðun fyrirtækis og sinnt ýmsum ráðgjafastörfum fyrir það.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er hugtakið „endurskoðun“ skilgreint á eftirfarandi hátt: „Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitargerðinni.“ Þá kemur fram í 9. gr. laganna að endurskoðandi skal rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að ákvæðið skerpi á kröfu um að endurskoðendur séu óháðir í störfum sínum. Þá er ljóst að krafan um óhæði lýtur ekki eingöngu að einstaklingnum heldur einnig endurskoðunarfyrirtækinu í heild sinni. Fjármálaeftirlitið telur því að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sé áfram heimilt að árita árshlutareikning og sinna staðfestingavinnu sem snýr að gögnum sem byggjast á ársreikningi fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags eða sinna staðfestingarvinnu, sem þrátt fyrir að byggjast ekki beint á ársreikningi félagsins, er í beinu samhengi við endurskoðun hans. Að gefnu tilefni tekur Fjármálaeftirlitið það fram að stofnunin lítur svo á að krafan um óhæði snúi að þjónustu fyrir alla samstæðuna þar sem það á við.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem áritar ársreikning fjármálafyrirtækis er hins vegar óheimilt að veita ráðgjöf um rekstrarleg og fjárhagsleg atriði og skattaleg málefni eða hafa aðkomu að öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem geta haft áhrif á afkomu þess sem og að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf þeirra. Fjármálaeftirlitið telur því að sami endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki geti ekki sinnt innri og ytri endurskoðun hjá sama fjármálafyrirtæki né sama váttryggingafélagi. Innri endurskoðun er skilgreind, í *leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008, um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja*, sem starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að bæta rekstur fyrirtækja. Í tilmælunum er einnig að finna ákvæði um samskipti innri og ytri endurskoðanda. Fjármálaeftirlitið telur því ljóst að sinni endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hvort tveggja innri og ytri endurskoðun fyrir sama fyrirtæki sé það

komid í þá aðstöðu að vera að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs eða fyrirtækisins.

**Fyrirspurn varðandi 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002.**

Á fundi Fjármálaeftirlitsins með stjórnarmönnum FLE þann 14. september sl. kom einnig fram fyrirspurn, sem fylgt var eftir með tölvupósti sama dag, er sneri að nýrri 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 og bráðabirgðaákvæði I. sömu laga. 2. mgr. 90. gr. laganna hljóðar svo: „*Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.*”

Bráðabirgðaákvæði I. kveður á um að þrátt fyrir 90. gr. sé endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, sem veitt hefur fjármálafyrtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laganna, heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laga þessara er endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki heimilt að veita fjármálafyrtæki þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laganna.

Fyrirspurn FLE snýr að því hvernig megi skilja framangreind ákvæði og er ákveðinn skilningur á ákvæðinu settur fram.


Fjármálaeftirlitið telur að af bráðabirgðaákvæðinu sé ljóst að heimilt er að veita fjármálafyrtæki þjónustu í fimm ár frá gildistöku laganna, hafi endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki veitt fjármálafyrtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laganna. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár þá er heimilt að veita þjónustu áfram í þrjú ár eftir gildistöku laganna. Óski fjármálafyrtæki eftir því að þiggja þjónustu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis áfram eftir gildistöku laganna er ljóst að það er því heimilt með þeim takmörkunum sem að framan greinir. Nefna má sem dæmi að ætli fjármálafyrtæki sér að kjósa sama endurskoðanda á ný á næsta aðalfundi þarf að draga frá skipunartímanum þann tíma sem liðið hefur frá gildistöku laganna og fram að kosningunni. Hafi endurskoðandi t.d. veitt fjármálafyrtæki þjónustu í þrjú ár eða skemur er heimilt að kjósa hann til fjögurra ára á næsta aðalfundi ef aðalfundurinn er haldinn í júní 2011.

Fjármálaeftirlitið vonar að framangreint svari erindi yðar. Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir



## Félag löggiltra endurskoðanda

Fjármálaeftirlitið,  
b.t. Ragnars Hafliðasonar,  
Suðurlandsbraut 32,  
105 Reykjavík.

Reykjavík, 30. júní 2010.

**Efni:** Breyting á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Á fundi þann 24. júní sl. sem fulltrúar FLE áttu með Ragnari Hafliðasyni frá FME lýstu fulltrúar FLE yfir áhyggjum sínum vegna breytinga sem gerðar voru á 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Greinin var þannig: *Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.* Breytingin fólst í því að fyrir aftan framangreint var bætt nýjum málslíð: *Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.* Þessi breyting var ekki í upphaflega frumvarpinu og fékk afar litla umsögn utanaðkomandi aðila. Þó fengu fulltrúar FLE að koma á fund viðskiptanefndar og þar var farið yfir þau sjónarmið endurskoðanda sem ítrekuð eru hér á eftir.

Til frekari glöggvunar er rétt að áréttta hvernig 1. mgr. 90. gr. er eftir framangreinda breytingu en hún er tveir málslíðir: *Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.*

Það er skoðun FLE að túlka beri orðin „skal ekki gegna öðrum störfum“ í 2. ml. 1 mgr. 90. gr. í ljósi þess sem um er rætt í málslíðnum á undan, þ.e. að endurskoða ársreikninginn. Ekki verði þá annað af lagatextanum ráðið en að sá sem kjörinn er til að endurskoða ársreikning megi ekki sinna annarri vinnu fyrir viðkomandi fyrirtæki, þar með talið könnun á árshlutareikningum eða endurskoðun þeirra. Hafi það verið vilji löggjafans væri um veigamikla stefnubreytingu að ræða sem hefði kostnaðarauka í för með sér fyrir fjármálafyrirtækin og útilokað að hrinda í framkvæmd nema með talsverðum fyrirvara. Sé hins vegar litið til þess sem stendur í framhaldsnefndaráliti viðskiptanefndar sýnist sem mistök hafi orðið við lagasetninguna en í tilvitnuðu nefndaráliti stendur meðal annars:

*„Meiri hlutinn áréttar að ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að endurskoðandi sinni öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtæki, t.d. með því að veita ráðgjöf um rekstrarleg og fjárhagsleg atriði og skattaleg málefni eða hafi hönd í bagga í öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem geta haft áhrif á afkomu þess. Með slíkri ráðgjöf væri endurskoðandi í raun að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs. Ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að endurskoðandi geti sinnt t.d. áritun árshlutareikninga eða einhvers konar staðfestingu á gögnum sem byggjast á ársreikningi fyrirtækis.“*



Ekki verður annað séð en lagatextinn sé afdráttarlaus og geta greinagerðir eða umræður ekki breytt ákvæðum laga þótt þær kunni að vera til frekari útskýringa á lögnum. Samkvæmt lögnum er þeim endurskoðanda sem kosinn er til að endurskoða ársreikning ekki heimilt að gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið. Við teljum nauðsynlegt að lagfæra löginn hvað þetta varðar hið fyrsta en gerum okkur grein fyrir að það getur ekki orðið fyrr en eftir nokkra mánuði. Á meðan það hefur ekki verið gert teljum við brýnt að fyrir liggi sameiginlegur skilningur milli FME og FLE á því hvað kjörnum endurskoðendum er heimilt að gera.

Í 1. mgr. 91. gr. laga um fjármálafyrirtæki stendur: *Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.* Þetta ákvæði er búið að standa óbreytt í mörg ár og gerir enn. Að okkar mati teljum við þá takmörkun á störfum endurskoðanda sem umrædd breyting átti að tryggja, felast í ofangreindu ákvæði 91. gr. Í lögum um endurskoðendur er svo fjallað um hvað falli undir endurskoðun.

Í þessu sambandi viljum við sérstaklega benda á 8. gr. laga 79/2008 um endurskoðendur og 19. gr. sömu laga. Báðar þessar greinar vísa til siðareglna Félags löggiltra endurskoðanda en þær reglur hafa nýlega verið samþykktar af félaginu. Ekki þykir ástæða til að rekja einstaka ákvæði laganna eða siðareglnanna á þessu stigi en óski FME eftir nánari umfjöllun um þessi atriði verður brugðist við því hratt og vel.

Með vísan til þess sem að framan greinir óskar FLE eftir því að FME staðfesti að það telji að kjörnum endurskoðendum fjármálafyrirtækja sé heimilt að sinna annarri staðfestingarvinnu en að árita ársreikninga en til slíkrar vinnu telst meðal annars könnun eða endurskoðun árs hlutareikninga, staðfestingar vegna breytinga á hlutfé félaga, staðfestinga sem óskað er af hálfu FME eða eru sérstaklega heimilaðar af FME. Þá verði einnig heimilt að veita þessum félögum aðra þjónustu sem fellur undir hugtakið „endurskoðun“ eins og það er skilgreint í 2. tl. 1. gr. laga um endurskoðendur. Þetta tryggir að endurskoðandi komist ekki í þá stöðu að hann væri að endurskoða atriði sem byggðust á ráðgjöf hans sjálfs, en þær áhyggjur koma fram í tilvitnuðu framhaldsnefndaráliti.

Hliðstæð ákvæði og hér hefur verið fjallað um eru í 1. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi og er því einnig óskað afstöðu FME varðandi það ákvæði með sama hætti og varðandi lög um fjármálafyrirtæki. Hér sýnist þó vísað til ákvæða samþykktar viðkomandi félags í breytingunni en það kann að vera mismunandi eftir samþykktum og er þá háð líka ákvörðun hluthafafunda.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd FLE,



Þórir Ólafsson  
formaður